

**Nr. 089 / 13 Selfoss**

***Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 8914556  
Smíðaður: Danmörku 1991, stál  
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW  
Mesta lengd: 127 m  
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: MaK 5.400 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Slysaskýrsla frá skipi  
Ljósrit úr leiðarbók  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. febrúar 2013 var Selfoss við bryggju í Rotterdam.

Skipverji var að vinna við sjóbúning í lest og þegar hann stökk af gámafleti niður á annað lenti vinstri fótur hans niður í bili á fletinu svo sár opnaðist á kálfa. Slasaði var fluttur að slysavarðstofu þar sem sárið var saumað.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði sagðist hafa stokkið um metra niður á fletið.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.